



Ritrynd grein birt 31. desember 2010

Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir

Skapandi nám í gegnum leiklist

Grein þessi byggir á rannsókninni SNÍGL, Skapandi nám í gegnum leiklist sem höfundar gerðu á árunum 2007–2009 á áhrifum og útbreiðslu leiklistar í námi barna. Meginrannsóknarspurningin var: Hefur leiklist áhrif á nám barna? Viðfangsefni þessarar greinar er að kynna svör við þeirri spurningu. Blönduðum aðferðum var beitt við gagnaöflun. Viðtöl voru tekin við 16 kennara og 22 nemendur, þrjár þátttökuathuganir voru gerðar og tölvupóstkönnun um stöðu leiklistar var send til 205 skólastjóra í grunn- og framhaldsskólum á landinu. Önnur minni könnun var send út til félagsmanna Félags um leiklist í skólastarfi, FLÍSS. Þá voru *Aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla, listgreina* skoðaðar og greindar. Rannsóknin leiddi í ljós að leiklist í kennslu gagnast mest þeim nemendum sem eiga við námserfiðleika að stríða ásamt því að vera gagnleg við kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Ekki verður farið í niðurstöður tölvupóstkönnunarinnar eða spurningalistann sem lagður var fyrir félagsmenn FLÍSS í þessari grein. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þær niðurstöður er bent á óbirta MA-ritgerð Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttur (2009) við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Ása Helga Ragnarsdóttir er aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Rannveig Björk Þorkelsdóttir er uppeldis og menntunarfræðingur.

Drama for learning and creativity

The article is based on a study, Drama for learning and creativity, done by the authors in 2007-2009 on creative learning through drama. The authors looked into the place of drama as an art form and drama in education in primary, secondary and upper secondary schools in Iceland. The main research question was: Can drama affect student's ability to learn? To answer the research question, mixed methods were used. A total of 16 teachers were interviewed and 22 students, three participation observations were done, and curriculum for art both in secondary and upper secondary schools were examined and compared. At the same time the project aimed to raise the educational profile of drama. The findings of the study showed that drama is particularly useful for students with learning disabilities and for bilingual students. In this article the outcome of the computer research, Status of drama and theatre in compulsory and upper secondary schools in Iceland, will not be discussed.

Inngangur

Leiklist í námi er samnefni fyrir nokkur hugtök, þ.e. leikræna tjáningu, leiklist í skólastarfi og leiklist í kennslu. Þau eiga það öll sameiginlegt að aðferðir leiklistar eru notaðar sem kennsluáferð með öðrum námsgreinum. Leiklist í námi byggir á þeirri áferð að nemend-

ur vinna með það námsefni sem þeir eru að fást við hverju sinni, þeir semja leikferli sem byggt er á námsefninu og þannig verður til saga sem sögð er af nemendum. Í sögunni lifa þeir sig inn í ákveðið ferli og byggja upp samskipti milli persóna. Áhersla er lögð á að nemendur læri í gegnum þetta ímyndaða ferli, þeir kanni og skoði mannlega eiginleika og samskipti um leið og þeir myndi sér skoðanir og taki ákvarðanir út frá hlutverki sínu. Þannig mætti ef til vill segja að hlutverkaleikur nemenda gefi þeim tækifæri til að öðlast skilning á því hvað það er að vera manneskja. Skilningur og nám á sér stað þegar nemandinn setur sig í hlutverk, kannar og skoðar mikilvæga þætti í mannlegum samskiptum og tekur sjálfstæðar ákvarðanir í tengslum við leikferlið. Nemandinn byggir á eigin reynslu en eykur við þekkingu og reynslu meðan hann tekst á við vandamálin og finnur lausnir.

Þeim börnum fjölga mjög sem hreyfa sig lítið og leikir sem krefjast hreyfingar virðast á undanhaldi. Í stað leikja meðtaka börn leiki annarra með því að horfa á sjónvarp eða leika sér í skipulögðum tölvuleikjum sem eru ímyndun annarra. Það hlýtur að vera mikilvægt að hvetja börn til þess að reyna á ímyndunarafl sitt með því að skapa sína eigin leiki þar sem þau glíma við vandamál, skapa og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Börn hafa sérstaka þörf fyrir að tjá sig í gegnum hlutverkaleik og hafa einstakt lag á að breyta umhverfi sínu í þágu þess hlutverkaleiks sem þau eru í hverju sinni. Það sem einkennir leik barna er að þau taka í einlægni að sér hlutverk í tilbúnum heimi og kanna af áhuga mannleg samskipti, finna lausnir á vandamálum og læra af reynslu (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004). Sérstaða og eiginleikar leikrænnar reynslu bjóða upp á einstaka námsmöguleika. Gera má ráð fyrir að allir búi yfir einhverri hæfni til að skapa og túlka en síðan þroska aðstæður og umhverfi þessa hæfileika misjafnlega mikið. Það hlýtur því að vera mikilvægt fyrir kennara að skapa þær aðstæður að nemendur fái tækifæri til að túlka og tjá eigin tilfinningar og annarra.

Í þessari grein er fjallað um hvort leiklist geti haft áhrif á nám barna. Þau rannsóknargögn sem stuðst er við eru úr rannsókninni Skapandi nám í gegnum leiklist, SNÍGL. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort leiklist hefði áhrif á nám barna ásamt því að kanna útbreiðslu leiklistar í grunn- og framhaldsskólum. Ekki verður farið í niðurstöður um útbreiðslu leiklistar í grunn- og framhaldsskólum.

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* eru á listasviðið fimm greinar, textílmennt, tónmennt, myndmennt, dans og leikræn tjáning. Fyrstu þrjár greinarnar eru sjálfstæðar skyldunámsgreinar fyrstu átta skólaárin en eru síðan valgreinar á unglingsstigi. Leikræn tjáning og dans eru hins vegar samþætt öðrum námsgreinum eða kennd sem valgreinar og eru ekki á viðmiðunarstundaskrá. Misjafnt er eftir skólum hvort leiklist er í boði sem valgrein eða ekki. Segja má að það sé undir skólastjórnendum komið og framboði á kennurum til að kenna greinina. Þó er kveðið á um það í *Aðalnámskrá grunnskóla* að allir nemendur eigi rétt á að kynnast aðferðum leiklistar:

Allir grunnskólanemendur eiga að fá tækifæri til að vinna með aðferðir leikrænnar tjáningar í almennu skólastarfi, bæði í verkefnum sem byggjast á námsefni og eins verkefnum sem hafa það markmið að byggja upp sjálfsmynd nemenda og þjálfa þá í lífsleikni (Menntamálaráðuneytið, 2006a).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* eru sett fram lokamarkmið um hvað nemendur eiga að kunna í leikrænni tjáningu við lok 10. bekkjar, en ef það er undir skólastjórnendum komið hvort nemendur fái kennslu í leiklist getur orðið misbrestur á að þeir fái þá kennslu sem þeir eiga rétt á. Í rannsókn Barkar Hansen, Ólafs H. Jóhannssonar og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2008) er bent á að skólastjórnendur þurfa að vera óhræddir við að treysta eigin dómgreind og leitast við að hafa áhrif á mótun skólastefnu og skólastarfs. Því skiptir miklu máli hvort skólastjórnendur eru hlynntir leikrænni tjáningu eða ekki. Það er ljóst að þó að finna megi ákvæði um leiklist í námskrám dugir slíkt eitt og sér ekki til að tryggja

framgang hennar í skólum. Kelly (2004) leggur áherslu á að til þess að námsgrein eða aðferð sé notuð innan skólanna, sé mikilvægt og jafnvel nauðsynlegt að hún sé hluti af formlegri námskrá þeirra.

Bakgrunnur

Forsaga rannsóknarinnar er sú að á árunum 2003 til 2007 var Háteigsskóli valinn móðurskóli í leiklist í kennslu, en það þróunarverkefni stóð yfir í fjögur ár. Í framhaldi af því ákvað Reykjavíkurborg að styrkja rannsakendur í átaki til að efla leiklist í kennslu í grunnskólum í Reykjavík. Greinahöfundar unnu við móðurskólaverkefnið í Háteigsskóla og tóku síðan í framhaldi af því þátt í átaki Reykjavíkurborgar. Fljótlega komust þeir að því að rannsóknir skorti á því hvaða áhrif leiklist hefði á nám barna og ákváðu að leggjast í rannsóknarvinnu. Í gegnum erlent samstarf komust rannsakendur í kynni við rannsókn (Drama for Learning and Creativity), sem gerð var á vegum bresku drama-samtakanna National Drama, í skólum í Norfolk í Englandi (2006–2008). Ákveðið var að hafa hana til hliðsjónar í rannsókn á áhrifum leiklistar í námi.

Rannsóknir og fræðileg sýn á áhrifum leiklistar á nám barna

Rannsóknir hafa verið gerðar víða um heim á gildi leiklistar í skólasterfi en engin rannsókn hefur verið gerð hér á landi til að meta raunverulegan ávinning þessarar kennslu-aðferðar. Því var brýnt að slík rannsókn yrði framkvæmd.

Eitt megineinkenni leiklistar í námi er að nemandinn er sinn eigin þekkingarsmiður sem er stöðugt að byggja sinn innri heim sem aftur hjálpar honum síðan að skilja og rata í flóknum heimi veruleikans (Bruner, 1996). Þannig sækja frumkvöðlar í leiklist í kennslu kenningar og hugmyndir sínar m.a. til hugsmíðahyggjunnar (e. cognitive constructivism). Rætur hugsmíðahyggjunnar eru raktar til rannsókna Jean Piaget og samstarfsmanna hans. Piaget setti fram kenningu um vitsmunaproska barna og hvernig hann próast í ákveðnum þrepum í fyrirfram gefinni röð. Vitsmunaproski hefst hjá barni þegar það öðlast nýja reynslu og uppgötvar nýja hluti. Því hærra sem barn kemst í þroskastiganum því meiri reynslu hefur það öðlast og ætti því að vera betur í stakk búið til að takast á við ólíkar aðstæður og kringumstæður í framtíðinni. Hugsmíðahyggjan byggir á því að nemandur læri með því að byggja ofan á fyrri þekkingu og séu virkir í að skapa nýjan skilning. Til þess að geta lært verður nemandinn að vera þátttakandi í ferlinu við að skilja, vita og geta. Í skólanum er nemandinn miðdepill í sköpun nýrrar þekkingar og skilnings. Nemandinn ber ábyrgð og hefur stjórn á sínu eigin námi. Námið verður að skipuleggja þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku nemandans í uppbyggingu þekkingar. Mikilvægur liður í því að svo verði er að hann hafi áhuga á viðfangsefninu og sjái tilgang í að læra það sem til þarf til að leysa verkefnið. Það er brýnt að taka tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur í farteskinu við upphaf náms vegna þess að nýja þekkingu tileinkar hann sér og túlkar í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem hann hefur fyrir. Verkefni sem unnin eru í skólanum þurfa að vera í samhengi og samræmi við raunveruleg verkefni sem unnin eru utan veggja skólanna. Nemendum er ætlað að takast á við flókna hluti í þeim heimi sem stendur utan skólans og skólaverkefni ættu að búa nemendur undir það. Þegar aðferðir leiklistarinnar eru notaðar í kennslu er nemandinn þátttakandi, hann byggir á eigin reynslu, lifir sig inn í ímyndað ferli og tekur að sér þær skuldbindingar sem hlutverkið gerir til hans um leið og hann tengir reynsluna við eigin reynsluheim. Nemandinn byggir á eigin reynslu en eykur við þekkingu og reynslu á meðan hann er að takast á við vandamálin og finna lausnir. Námsumhverfið er þannig auðugt, námshvetjandi og opið og sem líkast raunverulegu umhverfi (Hsiao, 1999).

Samkvæmt hugmyndum félagslegrar hugsmíðahyggju (e. social constructivism), sem þróaðist upp úr 1970 skipta tengsl nemenda sín í millum miklu máli í námi þeirra. Nemandinn öðlast eigin skilning í samskiptum við félagana sína. Þeir deila með sér skilningi á

viðfangsefninu, skýra hugsun sína og prófa hugmyndir sínar. Það er mikilvægt að taka tillit til þeirrar þekkingar sem nemandinn býr yfir við upphaf náms vegna þess að hann tileinkar sér nýja þekkingu og túlkar í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem hann hefur fyrir (Good og Brophy, 2003). Þegar aðferðir leiklistar eru notaðar er oft unnið í hópvinnu. Nemendur þurfa að semja sín á milli og leita lausna. Nemandinn byggir á eigin reynslu og eykur við sig þekkingu á meðan hann tekst á við hlutverkaleikinn. Leiklist í kennslu fellur þannig vel að hugmyndum um félagslega hugsmíðahyggju. Samræður og samskipti nemenda í hópvinnumni, í sameiginlegri glímu við verkefnið, leiða til þess að skilningur nemenda á efninu dýpkar. Menntunarfræðingurinn Eisner (2002) er einn þeirra sem lagt hefur áherslu á hlut listarinnar í kennslu. Hann telur að hugir nemenda séu ekki eins og óplægður akur, heldur sé hver nemandi móttækilegur fyrir þeim frægum sem kennari sáir. Hann segir að þegar kennt er með aðferðum lista þroski nemandinn með sér færni og viðhorf, hann örvi frumkvæði, sköpunarhæfni, ímyndunarafl og verklagni og fyllist stolti yfir vel unnu verki.

Í leiklist eru nemendur þátttakendur og þeim er gert kleift að nálgast námsefnið með lifandi hætti. Þeir túlka námsefnið með leikrænum aðferðum. Heimspekingurinn Dewey álitur að nám felist einkum í virkni (e. learning by doing), að nemandinn sé virkur þátttakandi í eiginlegri leit að þekkingu en ekki bara þiggjandi þekkingar. Dewey telur að hvert barn hafi ónotaða möguleika og að hlutverk kennarans sé að skapa aðstæður þannig að hæfileikar barnsins þroskist barninu sjálfu og samfélaginu til góða. Þekking verður til við þær aðstæður þar sem nemandinn getur tengt hana við reynslu sem hefur merkingu og mikilvægi fyrir hann sjálfan. Þessar aðstæður verða að myndast í félagslegu samhengi t.d. innan veggja skólastofunnar (Dewey, 1966). Hugmyndir breska kennarans Cook (1917) eru samhljóma kenningum Deweys, þar sem hann segir að virkni og áhugi á viðfangsefninu tryggi árangur og að leikur sé eðlilegur vettvangur náms hjá börnum.

Niðurstöður rannsóknar Somers (1996) benda til þess að þegar leiklist er notuð sem kennsluaðferð festist námsefnið vel í minni nemenda. Nemendur upplifa námsefnið á annan hátt en þegar eingöngu er um bóklestur að ræða. Sem dæmi nefnir hann að þegar unnið er með sögu sem tengist námsefninu búa nemendur til leikferli eftir atburðarrás sögunnar og lifa sig þannig inn í heim hennar. Þannig læra þeir, sem persónur í sögunni, að bera ábyrgð á eigin gjörðum og vinna úr þeim vandamálum sem upp koma og námsefnið verður minnisstæðara. Somers bætir við að kennsluaðferðin henti vel í námi nýbúa vegna þess að í leiklist er fjölbreytni í fyrirrúmi sem á vel við þegar einstaklingar koma úr ólíku umhverfi. Auk þess bendir hann á að þegar nemendur fara í hlutverk og setja sig í spor ólíkra persóna kallar það á fjölbreytta málnotkun. Í gegnum leikinn þora nemendur frekar að tjá sig á íslensku og auka þannig við orðaforða sinn. Baldwin (2004) er sammála Somers, hún segir að innan leiklistarinnar sé að finna margar ólíkar aðferðir sem gera kennurum kleift að nálgast kennsluefnið á mismunandi hátt og gefur nemendum kost á að sjá nýjar hliðar á námsefninu. Samkvæmt kenningum Bamford (2006), leiðir leiklist oft til þess að nemendur sem gjarnir eru á að skröpa bæta mætingu sína. Fjölbreyttar aðferðir leiklistar skerpa athygli þeirra og einbeitingu. Nemendur með námserfiðleika eiga erfitt með mætingu í skóla og stundum vantar uppá félagsleg tengsl við samnemendur. Það sama á við um nemendur með þroskafrávik. Hópvinnna leiklistar virðist þar geta komið að góðum notum að mati Cruz (1995), sem telur að í hópvinnumni læri nemendur sem eiga erfitt með bóknám af félögum sínum um leið og þeir auka félagsfærni sína. Einnig hentar hún strákum á fyrstu skólaárum einstaklega vel þar sem þeir eiga erfitt með kyrrsetu, en kennsluaðferðar leiklistar geta innihaldið mikila hreyfingu og þeir fá ákveðna útrás (Wolthers, 2005).

Aðrar rannsóknir sýna að í móðurmálskennslu eykst skilningur nemenda á efninu með því að leika það (e. acted out). Þegar leikferli byggir á frásögn eða ævintýri er unnið með

tungumálið á fjölbreyttan hátt, nemendur þurfa að nota ólík málsnið eftir því hvaða persónu þeir eru að túlka og þannig eykst þekking þeirra á móðurmálinu. Podionzy (2000) hefur kannað hvernig málproski nemenda breytist þegar notaðar eru leikrænar aðferðir. Hún fylgdist með nemendum glíma við vandamál og þrautir sem þeir urðu að leysa í leikrænu ferlinu. Þeir þurftu að fara í ólík hlutverk sem kölluðu á fjölbreytta málnotkun. Málproskinn virtist eflast við það.

Þetta eru einkar forvitnilegar niðurstöður erlendra rannsókna á áhrifum og gildi leiklistar á nám barna, en eftir stendur að engar rannsóknir höfðu verið framkvæmdar hér á landi á stöðu eða áhrifum leiklistar á nám barna.

Framkvæmd rannsókna

Aðferðafræði, gagnasöfnun og greining gagna

Gagna var aflað með viðtölum, þátttökuathugun, tölvupóstkönnun, greiningu á námskrám og spurningalistum.

Viðtöl voru tekin við sextán kennara og tuttugu og tvo nemendur. Sömu spurningar voru lagðar fyrir alla kennarana. Það sama gilti um nemendur sem fengu þó léttari spurningar. Öll viðtölin í rannsókninni voru tekin upp og afrituð orðrétt. Nafnleyndar var gætt. Rannsóknargögnin voru um 272 blaðsíður. Gögnin voru síðan marglesin yfir þar sem leitað var eftir mynstrum og þemum og gögnin skoðuð í smærri einingum.

Hér er byggt á aðleiðslu (e. inductive methods) við greiningu á rannsóknarefninu. Í því felst að þrátt fyrir að rannsakandinn geri sér í hugarlund hverjar niðurstöðurnar kunni að verða, verður hann að skoða gögnin sem hann safnar, finna mynstur og reglu og draga ályktun út frá þeim gögnum sem síðan er sett fram sem niðurstöður.

Gagnagreining hófst áður en gagnasöfnun var lokið. Gögnin voru greind, fyrst með opinni kóðun þar sem leitað var eftir mynstrum í gögnunum, en síðar með lokaðri kóðun þar sem leitað var sérstaklega eftir því sem tengdist helstu umfjöllunarefnum sem við blöstu. Viðtöl voru tekin við bæði kennara og nemendur. Viðtölin fóru öll fram í viðkomandi skóla og voru að meðaltali 40 mínútna löng. Sum viðtölin við yngri nemendur voru mjög stutt. Greining gagnanna fólst í því að leita að beinum lýsingum viðmælendanna á þeim atriðum sem spurt var um.

Þátttökuathugun var gerð í þremur grunnskólum í Reykjavík. Fylgst var með tveimur kennslustundum í fimmta bekk, tveimur kennslustundum í 1. bekk og fjórum kennslustundum á unglingsstigi.

Þá voru listgreinahlutar námskrár grunn- og framhaldsskóla bornir saman til að finna hvar og hvernig leiklist á heima í námi og kennslu. *Aðalnámskrá grunnskóla, Listgreinar*, frá árinu 1999 var borin saman við *Aðalnámskrá grunnskóla, Listgreinar*, tillögur frá janúar 2006. *Aðalnámskrá framhaldsskóla, Listgreinar*, frá árinu 1999 var borin saman við *Aðalnámskrá framhaldsskóla, Listgreinar, tillögur* frá mars 2006. *Aðalnámskrá framhaldsskólanna, Almennur hluti* er frá árinu 2004 og ný lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008) öðluðust gildi 1. ágúst 2008. Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi 1. ágúst 2007 en aðalnámskrá grunnskóla byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Ný menntastefna tók gildi 2009 og var hafin endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla í framhaldi af því sem enn stendur yfir.

Námskrárnar, löggin og menntastefnan voru skoðuð og greind. Við greiningu námskráa var hver skrá lesin og greind með leitarorðum, eins og leiklist, leikræn tjáning, leiklist sem

valgrein eða listnámsbraut. Síðan voru þessar greiningar bornar saman hver við aðra og búinn var til listi með niðurstöðum fyrir hverja námskrá fyrir sig.

Þátttakendur

Rannsóknin hófst í ágúst 2007. Um vorið var auglýst eftir skólum til að taka þátt í könnuninni. Margir skólar sóttu um og af þeim voru valdir þrjú skólar og þess gætt að þeir væru ólíkir að gerð. Eftir að rannsóknin hófst hætti einn skóli við vegna veikinda kennara, það voru því tveir skólar sem tóku þátt í rannsókninni árið 2007-2008. Næsta ár bættust við fjórir skólar. Alls tóku sextán bekkjarkennarar og einn stuðningsfulltrúi þátt í rannsókninni. Þeir skuldbundu sig til þess að hafa tvær kennslustundir á viku allan veturinn þar sem notaðar voru aðferðir leiklistar. Áður en rannsóknin hófst var haldið daglangt námskeið þar sem kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni fengu kynningu á rannsókninni, kennslubók, pakka af kennsluefni og verklega kennslu í aðferðum leiklistar.

Rannsakendur kynntu fyrir þátttakendum rannsóknarspurningu sína sem var svohljóðandi: Hefur leiklist áhrif á nám barna? Með þátttökuathugun og viðtölum töldu þeir sig geta leitað svara við rannsóknarspurningunni. Ákveðið var að kennararnir myndu einnig semja sínar eigin rannsóknarspurningar sem tækju mið af þeim nemendum sem þeir kenndu. Það var talinn fengur að því að kennararnir rýndu í eigin kennslu um leið og þeir skoðuðu bekk sinn. Efnið færðu þeir til bókar í þar til gerðar dagbækur. Þannig tóku kennararnir þátt í starfendarannsókn sem hluta af tilviksrannsókn (e. *case study*) rannsakenda. Því miður reyndist þetta of stór biti fyrir suma kennara, það að bæta á sig kennslu í aðferðum leiklistar var nóg. Þó voru nokkrir kennarar sem héldu dagbók og rýndu í eigin kennslu.

Kennararnir þurftu að skilgreina rannsóknarspurningu sína og færa rök fyrir vali á henni. Dæmi um rannsóknarspurningar kennara:

- Geta aðferðir leiklistar aukið umburðarlyndi nemenda?
- Er hægt að efla félagsleg og jákvæð samskipti í bekk með leiklist?
- Getur leiklist sem kennsluáæfing virkað sem hópefli fyrir nemendum?

Fundir voru haldnir reglulega með kennurum þeim til stuðnings og fylgst var með framvindu kennsluhátta.

Enginn þátttakandi hafði notað leiklist markvisst áður í kennslu, allir höfðu þó brennandi áhuga á að prófa sig áfram og töldu mikilvægt að efla notkun leiklistar í sínum skóla.

Niðurstöður

Í viðtölum við kennara og nemendur kemur fram að í gegnum leiklist lifa nemendur sig inn í námsefnið og byggja upp samskipti milli persóna. Þeir taka á sig ábyrgð þess sem þeir eru að leika og leita lausna á vandamálum hans út frá eigin reynsluheimi. Þeir eru lausir við bókina um stund og ímyndunarafli og sköpunarhæfni fær byr undir báða vængi. Þegar leiklist er notuð eru allir jafnir, erlendu nemendurnir hafa sömu tækifæri og aðrir þar sem fjölbreytileiki aðferðanna hjálpar þeim sem eiga erfitt með bóknám eða tungumál. Nemendur fara í hlutverk, setja sig í spor ólíkra persóna sem kallar á fjölbreytta málnotkun. Í gegnum leikinn þora nemendur frekar að tjá sig á íslensku og auka þannig við orðaforða sinn. Þar sem leiklist er í eðli sínu hópvinna læra nemendurnir af félögum sínum í gegnum samvinnu, þar sem þeir þurfa að rökræða og standa fyrir máli sínu og leysa vandamál í sameiningu. Þegar aðferðir leiklistarinnar eru notaðar fá nemendur að velja í hvaða hlutverki þeir eru og velja þá hlutverk sem þeir samsama sig við og geta þannig byggt á eigin reynslu. Þannig fá þeir áhuga á persónunni, en um leið veitir hlutverkið þá vörn sem er nauðsynleg.

Í þessum hluta verður farið yfir tvö meginþemu úr viðtölunum, annars vegar það sem snýr að kennurum; þar sem lykilþemað var kennsla og kennsluaðferð og hins vegar það sem snýr að nemendum en þar var lykilþemað nám og upplifun. Þá verður vettvangsathugunum gerð skil.

Viðtöl við kennara

Lykilþema: Kennsla og kennsluaðferð

Kennararnir voru almennt jákvæðir gagnvart þátttöku sinni í rannsókninni. Þeir höfðu orð á að þeir hefðu verið óöryggir í byrjun en síðan hefði þeim vaxið ásmegin. Fáeinir þeirra höfðu prófað að nota leiklist í kennslu, en enginn hafði unnið með heildstætt ferli leiklistar þar sem raðað er saman fjölmörgum leikrænum aðferðum og þær notaðar í tengslum við námsefnið. Allir töldu kennsluaðferðina góða leið til að koma námsefni til skila og sáu fáa vankanta á notkun hennar, þó minnst sumir á plássleysi og óöryggi nemenda þegar leiklist er notuð. Einnig nefndu nokkrir kennarar að þeir væru sjálfir óöryggir og kynnu ekki nægilega mikið í aðferðum leiklistar. Í viðtölum við kennara kom fram að þeim fyndist kennsluaðferðin veita ákveðið frelsi og víkka sjóndeildarhring nemenda.

Úr viðtölum við kennara:

Af því að þú ferð í hlutverk. Þú ert ekki lengur þú sjálfur, þú getur opnað þig á allt annan hátt heldur en þú gerir. Þú ert ekki lengur þessi manneskja heldur einhver allt annar og þá getur þú einhvern veginn gert miklu meira en höftin á sjálfum þér eru.

Þegar maður er að vinna með barn eða börn inni hjá sér sem allt í einu fara að opna sig, barn sem á ofboðslega erfitt með lestur og allt í einu verður hann aðalnúmerið. Þetta finnst mér vera svo frábært.

Áberandi var að allir kennararnir nefndu að þeir nemendur sem eigi erfitt með bóklegt nám blómstri í leiklist. Aðferðin hjálpaði þeim nemendum sem ekki voru góðir í lestri eða áttu erfitt með að fylgjast með.

Úr viðtölum við kennara:

Það hefur sýnt sig að sumir sem eiga í erfiðleikum námslega standa sig mjög vel í þessu.

Mér finnst ég sjá krakka sem eru mjög róleg og til baka. Þau blómstra í þessu.

Það var einn strákur sem mundi ekki neitt þegar við vorum búin að lesa en sagði við mig að eftir að þú lést okkur leika þá mundi ég allt um morðin. Hann mundi allar aðstæður, hver var hvað og þess háttar.

Í viðtölum við kennarana nefndu þeir flestir að nemendur af erlendu bergi brotnir hefðu haft mikið gagn og gaman af tímum þar sem leiklist var í forgrunni. Þó voru þeir tregir til þátttöku í upphafi. Þeir drógu sig í hlé og vildu gjarnan horfa á. Kennarar töldu að erlendu nemendurnir stæðu jafnfætis öðrum nemendum þegar aðferðir leiklistar voru notaðar og aðferðirnar hvettu erlendu nemendurna til að tjá sig munnlega og færni þeirra í hugtaknotkun hefði aukist vegna mismunandi aðstæðna sem þeir lentu í. Það þurfti hins vegar vissa lagni til að fá erlendu nemendurna til þess að vera með og stundum kostaði það átök, að sögn nokkurra kennara.

Viðtöl við kennara:

Í leiklist mæti ég nemendum þar sem þeir eru staddir. Erlendu nemendurnir fengu að taka þátt eins og þeir treystu sér til. Í hita leiksins fór það svo að allir nemendur voru farnir að vinna saman, rökræða og finna lausnir.

Nemendurnir hristast betur saman og bera virðingu hver fyrir öðrum og geta unnið með hverjum sem er.

Ég er til dæmis með tvo nemendur af erlendum uppruna sem að vildu fyrst ekki taka þátt en þetta gefur þeim færi á að taka þátt á þeim grundvelli að allir eru jafnir.

Þegar allir voru í hópvinnu var alltaf passað upp á að enginn yrði skilinn út undan.

Viðtöl við nemendur

Lykilþemu: Nám – upplifun

Viðtöl voru tekin við 22 nemendur og voru þau flest styttri en viðtölin við kennarana. Flestir nemendanna nefndu hve gaman væri að læra „svona“ og áttu þá við að fá að leika atriði úr námsefninu. Athyglisvert var hve hópvinnan var nemendum að skapi.

Viðtöl við nemendur:

Að vinna í hópi, það er stundum gaman að hérna vinna í hópi, það er eiginlega aðalatriðið í leiklist.

Og svo læri ég líka hérna, að finna nýja vini í leikritinu sem að ég hafði ekkert verið að leika með.

Við vorum að koma okkur fyrir í hlutum og svolítið að svona skipta allt jafnt á milli okkar og vinna saman í hóp.

Svo erum við að læra að hafa gaman og vinna saman svona.

Maður lærir að vera með öðrum krökkum.

Þetta hjálpar með samskiptin og svona góð áhrif til að kynnast krökkum.

Það er svo gaman að vera svona saman og gera hluti svona eins og samvinnu og þannig.

Það er ekkert skemmtilegt að leika einn.

Upplifun nemenda:

Þá sé ég atburðina, þú veist í leiklistinni. Stundum skil ég ekki sögur þegar ég er að lesa þær af því að ég get ekki séð þær fyrir mér, eða kannski það eru ekki myndir eða þannig.

Tilvitnunin hér að ofan er úr viðtali við tíu ára gamla stúlku sem hafði fengið að kynnast aðferðum leiklistar í kennslu. Stúlkan átti erfitt með lestur og hafði kennari hennar brugðið á það ráð að segja sögu í gegnum leik og kyrrmyndir (frjósa eða búa til myndastyttur af atburðarásinni) í þeirri von að stúlkan upplifði söguna. Stúlkan gat sagt kennara sínum frá atburðarrás sögunnar þó hún hefði ekki lesið söguna. Gott dæmi um að leiklist getur haft áhrif á nám barna.

Vettvangsathuganir

Þrjár vettvangsathuganir voru framkvæmdar, hjá nemendum í 1., 4. og 9. bekk. Fylgst var með nemendahópnum í sínu eðlilega umhverfi, hlustað eftir hvað nemendur höfðu að segja og þannig reynt að nálgast þekkingu án milliliða og fyrirframgefina svarmöguleika. Reynt var eftir bestu getu að öðlast innsýn og skilning á reynslu og upplifun nemenda.

Í tíma hjá 4. bekk voru nemendur kappsamir og áhugasamir. Kennari lagði fyrir verkefni um einelti, skipti nemendum í hópa og hver hópur fékk eitt verkefni. Nemendur hlustuðu af athygli og sýndu verkefninu mikinn áhuga. Stuðningsfulltrúi kom inn í tíma og bað um ákveðinn nemanda í sérkennslu. Kristín kennari ákvað að hann færi ekki í dag þar sem hún vildi ekki að hann missti af tíma í leiklist. Eftir nokkurn tíma kallaði Kristín á hópana og bað þá um að kynna verkefni sín um einelti. Nemendur komu sér fyrir með tilheyrandi raski og kepptust um að fá að byrja. Hópur eitt samanstóð af fjórum strákum. Þeir stóðu tveir og tveir saman spenntir og brosmildir. Flutningurinn tókst mjög vel. Stelpurnar hlógu allan tímann. Allir nemendur voru sammála um það að leiklist væri skemmtileg, þeir biðja um að fá að fara í leiklist og eru fljótir að rýma stofuna þegar kennari biður um það. Þegar allir hóparnir voru búnir að kynna verkefni sín sagði Kristín þeim að búa til spuna um það sem gerðist í verkefninu. Sumir nemendur kölluðu strax: „megum við fara fram? Kristín megum við fara fram?“ Kennarinn Kristín stjórnaði bekknum með mikilli þolinmæði og að lokum fóru þrír hópar fram en tveir urðu eftir inni í stofu. Gekk á ýmsu hjá hópunum sem urðu eftir inni í stofu. Nemendur voru með ofbeldi sem hluta af spunanum. Er áberandi hvað strákarnir í hópunum eru virkir og ákveðnir hvað skuli gera.

Hugleiðingar rannsakandans

Það er augljóst í mínum huga að nemendurnir hafa gaman af leiklist. Það fer ekki á milli mála. Þeir vinna flestir mjög vel og eru nokkuð skapandi. Sumir eiga reyndar erfitt með sig þegar reynir á samstarfið, en yfirhöfuð gekk þetta vel. Ég finn fyrir breytingum hjá nemendum frá því ég kom fyrst inn í tíma. Þeir eru fljótari til og ganga strax inn í verkefnið sem Kristín leggur fyrir þá.

Kristín sjálf er orðin örugg með sig og stýrir bekknum af festu. Það er athyglisvert að þeir fjölmörgu strákar sem eru í bekknum eru mun virkari en stelpurnar þó svo að ein og ein sé mjög virk. Á því borði þar sem voru bara strákar var í raun mesta sköpunin í gangi. Þeir unnu saman og ræddu málin og þegar kom að því að kynna þá þurfti ekkert að ræða hver ætti að kynna; tveir þeirra stóðu bara upp og kynntu.

Það sem er athyglisvert er að átta sig á því hvaða raunveruleika börnin eru að skapa í spunanum. Þau eru að búa til ímyndaðar aðstæður sem Gunna gæti lent í sem getur endurspeglad þann raunveruleika sem þau þekkja. Þau eru að setja sig í spor annarra um tíma og kanna þeirra líf. Það var gaman að sjá hvað strákarnir voru öflugir. Þeir nutu sín í þessari vinnu og voru ófeimnir og glaðir. Þeir skyggðu oftar en ekki á stúlkurnar með skipulögðum vinnubrögðum og hugmyndaauðgi á meðan stúlkurnar töfðu stundum sköpunarferlið með þrasi.

Námsskrárnar

Í rannsókninni var leitað svara við því hvort leiklist sé ætlaður staður í námskrám grunn- og framhaldsskóla. Gerður var samanburður á stöðu leiklistar í Aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla Listgreinar, frá árunum 1999, 2006 og 2008 og nýju menntastefnunni sem tók gildi 2009. Ekki er mikill munur á námskránum milli ára, en í Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, Listgreinar (1999) er í fyrsta sinn skilgreind listnámsbraut fyrir almenna framhaldsskóla, en auk þess eru þar skilgreindir þrír valáfangar í listum fyrir aðrar brautir en listnámsbrautir, þar af einn í leiklist.

Þrátt fyrir umfjöllun um mikilvægi leiklistar í kennslu í Aðalnámskrá grunnskóla, Listgreinar fær leiklist ekki ákveðinn tíma á viðmiðunarskrá grunnskólans. Greininni er ætlað að vera þverfagleg og að samþætta uppeldis- og menntamarkmið eins og þau eru sett fram í 2. grein grunnskólalaga:

Allir grunnskólanemendur eiga að fá tækifæri til að vinna með aðferðir leikrænnar tjáningar í almennu skólastarfi, bæði í verkefnum sem byggjast á námsefni og eins verkefnum sem hafa það markmið að byggja upp sjálfsmynd nemenda og þjálfá þá í lífsleikni. (Menntamálaráðuneytið, 2007a).

Eins og sjá má í ofangreindri tilvitnun er skýrt kveðið á um að allir nemendur skuli fá að kynnst leiklist í kennslu. Litið er á hana sem þátt í að styðja við persónuþroska nemenda og hún tengd markmiðum lífsleikninnar. Samkvæmt námskránni er kveðið á um það að allir nemendur á yngsta- og miðstigi fái þjálfun í leikrænni tjáningu og að skólar geta boðið upp á leiklist sem námsgrein í vali á unglingsstigi. Það er því ekki einungis svigrúm fyrir leiklist í kennslu í grunnskóla, heldur gerir námskráin í raun kröfu um að aðferðir leiklistarinnar séu notaðar þverfaglega og að nemendur, a.m.k. á yngri stigum, eigi skýlausa kröfu á því að kynnst aðferðinni.

Við gerð nýju menntastefnunnar fyrir grunn- og framhaldsskóla hafa hagsmunir barna og ungmenna verið hafðir að leiðarljósi. Leitast er við að auka möguleika þeirra til menntunar og þroska og tryggja velferð þeirra og öryggi eins og framast er kostur. Jafnframt er stefnt að því að efla skólana svo að þeir geti komið til móts við þarfir og áhuga sérhvers nemanda og gert þeim kleift að njóta hæfileika sinna til fulls (Menntamálaráðuneytið, 2009). Aukinn þáttur leiklistar í kennslu í námskrá skóla gæti verið árangursrík leið til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í nýrri menntastefnu. Fjölmargir skólar bjóða upp á leiklist sem listgrein og nú þegar eru þó nokkrir leikaramenntaðir leiklistarkennarar starfandi í skólum landsins. Tímabært er að leiklist fái tíma á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla á sama hátt og þær skólalistgreinar sem fyrir eru en þó ekki á þeirra kostnað. Vonandi er ekki langt í að leiklistin verði viðurkennd sem sjálfstæð námsgrein rétt eins og aðrar listgreinar. Það er trú okkar og sannfæring að með aukinni þekkingu kennara á leiklist sem kennsluáferð og með fleiri leiklistarkennurum inni í skólunum megi styrkja leiklist í skóla-kerfinu.

Umræða

Til að svara rannsóknarspurningunni hvort leiklist hafi áhrif á nám barna, höfum við dregið fram eftirfarandi:

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að aðferðir leiklistar henti vel fyrir nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða. Þetta er í samræmi við hugmyndir Cruz (1995) um að nemendur sem eiga erfitt með bóknað geti haft gagn af kennslu þar sem aðferðir leiklistar eru notaðar vegna fjölbreytileika aðferðanna og þess að nemendur þurfa ekki á bóklestri að halda þegar um leikræn ferli er að ræða. Bamford (2006) bætir við að nemendur sem eigi erfitt með bóknað fái kærkomið tækifæri á að láta ljós sitt skína með aðferðum leiklistar þar sem þeir eru ekki bundnir við bókina. Þar sem leiklist er í eðli sínu hópvinna læra þessir nemendur af félögum sínum í gegnum samvinnu. Nemendur þurfa að rökræða og standa fyrir máli sínu og leysa vandamál í sameiningu. Þannig auka nemendur með námsörðuleika við þekkingu sína og félagsfærni.

Niðurstöður sýna að leiklist virðist gagnleg fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Þekking okkar á rannsóknum Podionzy (2000) auðveldaði okkur að skilja hvernig málproski barna breytist og eykst þegar notaðar eru leikrænar aðferðir. Nemendur fara í hlutverk í leikrænu ferli, setja sig í spor ólíkra persóna sem kallar á fjölbreytta

málnotkun. Í gegnum leikinn þora nemendur frekar að tjá sig á íslensku og auka þannig við orðaforða sinn. Þegar leiklist er notuð fá nemendur oft að velja í hvaða hlutverki þeir eru og velja þá hlutverk sem þeir samsama sig við. Þeir hafa áhuga á persónunni, en um leið veitir hlutverkið þá vörn sem er nauðsynleg. Auðveldara er að tjá sig á bak við grímu í einhverri mynd, hún veitir vörn sem er nauðsynleg þegar fjallað er um erfið mál sem nemendur hafa samsamað sig við. Kennslufræðingurinn Bruner (1966) speglar þetta viðhorf þegar hann segir að nemendur eigi að hafa áhrif á hvað lært er, þeir opni þá fyrir tilfinningar sínar, ímyndunarafli og persónuleg gildi. Það er auðveldara að tjá sig bak við grímu í einhverri mynd, hún veitir vörn, stendur á milli manns og raunveruleikans þannig að hægara er fyrir nemandann að fara út fyrir gefin mörk.

Athyglisvert var að fylgjast með drengjum í vettvangsathugunum rannsakenda. Þeir virtust njóta sín þegar aðferðir leiklistar voru notaðar. Þeir tóku frumkvæðið í hópavinnu, voru útsjónarsamir við að finna lausnir í leikferlinu og skemmtu sér konunglega. Í viðtölunum nefndu þeir að þeim fyndist leiklist skemmtileg og tiltóku hvað það væri gaman að læra á þennan hátt. Þeim fannst gaman að kynna og sýna verkefni sín og voru mjög áhugasamir. Þetta er umhugsunarefni þar sem fjöldi rannsókna sýnir að drengjum líður verr en stúlkum í grunnskóla, námsárangur er verri hjá drengjum en stúlkum og agabrot og hegðunarvandmál eru mun algengari hjá drengjum á öllum skólastigum (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006; Arnot o.fl., 1999). Hafsteinn Karlsson (1997) hefur velt fyrir sér hvers vegna drengjum líður verr í skóla. Hann spyr hvort skapandi og verklegt starf sé á undanhaldi í skólastarfi og hvort ekki sé of mikil áhersla lögð á bóknám.

Í grein Anette Wolthers, „Stelpur og strákar í skólanum“, (2005) er fjallað um hefðbundnar kennsluaðferðir með tilliti til drengja. Þar kemur fram að strákar eru skammaðir af því að þeir eru órólegir, þeir þreytast af kyrrsetunni, einkum fyrstu skólaárin, því hreyfiproski margra drengja og hæfileiki til að sitja kyrr og einbeita sér er ekki til staðar þegar kyrrsetuform grunnskólans mætir þeim. Aðferðir leiklistarinnar virðast henta drengjum sérstaklega vel eins og fram kemur í vettvangsnótum, hreyfipörfinni er fullnægt og þeir njóta þess að flytja, kynna og sýna viðfangsefni sitt. Þeir eru oft virkari í hlutverkaleiknum en stelpurnar og taka frekar af skarið og framkvæma frekar en að ræða hlutina.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Bamford, 2006; Baldwin, 2004; Cruz, 1995; Eisner, 2002; Podionzy, 2000; Somers, 1996) á nytsemi leiklistar í kennslu barna þegar um er að ræða nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða og nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál eða eiga við agavandmál að stríða. Á svörum þeirra, sem tóku þátt í rannsókninni, að merkja er ljóst að aðferðir leiklistar henta einkar vel fyrir þessa nemendur, niðurstöðurnar hljóta að eiga erindi við kennara, sérkennara, skólastjórnendur og aðra er koma að menntamálum. Brýnt er að þessir aðilar láti frá sér heyra um þessar niðurstöður, hafi áhrif á umræðuna og komi fram sem málsvarar fyrir kennsluaðferðir leiklistar.

Svigrúm er fyrir leiklist í námskrám grunn- og framhaldsskóla og skýrt kveðið á um réttindi nemenda að fá að njóta leiklistar, hvort heldur sem aðferðar í kennslu eða sem listgreinar. Brotalóm í framkvæmd Aðalnámskrár grunnskóla þarf þó að kanna frekar þar sem einungis hluti nemenda fær að kynnast aðferðum leiklistar. Mikilvægt er að allir nemendur fái kennslu í gegnum aðferðir leiklistar eins og Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Þó að finna megi ákvæði um leiklist í námskrám dugir slíkt eitt og sér ekki til að tryggja framgang hennar í skólum. Því er jafnvel nauðsynlegt að hún sé hluti af formlegri námskrá þeirra.

Í Vegvísi fyrir listfræðslu, sem ætlað er að vera leiðarljós listnáms á 21. öldinni og er af-rakstur heimsráðstefnu UNESCO um listfræðslu segir; „Meðal mestu áskorana 21. aldarinnar er hin vaxandi þörf fyrir sköpunarkraft og ímyndunarafli í samfélögum sem í vaxandi

mæli eru fjölþjóðleg. Listfræðsla getur mætt þessari þörf á skilvirkan hátt“. Jafnframt segir: „Stór svið listfræðslu hafa hvorki verið rannsökuð né skoðuð með formlegum hætti“ (UNESCO, 2006/2007). Þessi skortur á rannsóknum um nám og ekki síður kennslu í list- og verkgreinum stendur m.a. leiklistinni fyrir þrífum. Það er ljóst að efla þarf rannsóknir á leiklist sem kennsluaðferð. Greinahöfundum fannst mikilvægt að rannsaka hvaða áhrif leiklist hefur á nám barna og fá upplýsingar þar að lútandi sem nýst gætu í skólalastarfi. Um leið þótti okkur æskilegt að skoða útbreiðslu leiklistar í grunn- og framhaldsskólum til þess að fá sem besta heildarsýn yfir stöðu leiklistar. Niðurstöður þeirra könnunar má lesa í MA-ritgerð Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttur (2009) eins og áður er getið. Æskilegt er að efla þróunarstarf sem lýtur að leiklist í skólum. Þörf er á endurmenntun fyrir kennara í aðferðum leiklistar, sérfræðilegri ráðgjöf, stuðningi frá skólayfirvöldum og samstarfi milli kennara ef kennsluaðferðin á að festast í sessi. Einnig er mikilvægt að leiklist sem listgrein fái sinn sess inni á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla.

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi barna á síðustu áratugum sem kalla á breytingar í skólakerfinu. Báðir foreldrar vinna í auknum mæli utan heimilis, fjölskyldumynstur er orðið flóknara, oft eru fjölskyldur margsamsettar. Uppeldishlutverk skóla hefur fengið auknið vægi. Skólinn hlýtur að þurfa að aðlagast sig nýju hlutverki. Innifalið í því er mikilvægi þess að nemendur læri að setja sig í annarra spor, öðlist ábyrgðakennd, efla frumkvæði sitt og sjálfstæði og læri umburðarlyndi gagnvart öðrum. Þar koma aðferðir leiklistar að góðum notum, þar sem aðferðir leiklistar eru notaðar í kennslu er byggt á ákveðnu viðfangsefni, nemendur setja sig í spor persóna og takast á við vandamál þeirra og finna lausnir.

Robinson (2009) minnir á að kennarar séu fastir í þeim kennsluaðferðum sem kennarar þeirra í æsku notuðu, með öðrum orðum fyrirmyndir þeirra eru of sterkar. Hann heldur því fram að kennsluaðferðir lista, þar á meðal leiklistar, séu lítt notaðar í kennslu vegna þess að kennarar hér áður fyrir notuðu lítið þessar kennsluaðferðir. Leitt er ef kennarar veigra sér við að nota kennsluaðferðir leiklistar þar sem þær virðast henta vel í breyttu þjóðfélagi auk þess sem þær gagnast vel nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða og í nýbúakennslu. Einnig virðist leiklist henta vel í námi drengja sem eiga við agavandamála að stríða vegna fjölbreytileika kennsluaðferðanna (Wolthers, 2005). Ef vilji er til að bæta skólakerfið verðum við að slá í klárinn og skella á skeið inn í framtíðina í stað þess að festast í fortíðinni og kenna eins og kennarar okkar kenndu.

Krafa framtíðarinnar hlýtur að vera að fá út í samfélagið nemendur sem kunna að vinna saman, beita hugsun sinni af innsæi og sköpunarkrafti, kunna að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim á gagnrýnan hátt. Til að mæta þeirri kröfu er mikilsvært í skólalastarfi að efla frumkvæði nemenda og áræðni og rækta með þeim hæfileikann að setja fram eigin hugmyndir og annarra á fjölbreyttan hátt með opnum huga út frá mismunandi sjónarhornum. Ekki má heldur vanmeta gildi góðrar samvinnu, það er nauðsynlegt að efla samskiptahæfni nemenda, hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og hæfni til að vinna með öðrum. Einnig má nefna hæfni þeirra til að leysa ágreiningsmál á farsælan hátt og efla þannig borgaravitund þeirra í lýðræðisþjóðfélagi en til þess getur leiklist verið öflug aðferð að mati Eisners (2002).

Það er von okkar að á næstu árum verði kennsluaðferðir leiklistar mjög í sviðsljósinu vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Það hlýtur að vera ávinningur að fá út í þjóðfélagið nemendur sem eiga auðvelt með að setja sig í annarra spor, geta nálgast viðfangsefni á margvíslegan hátt og eiga auðvelt með að koma með fjölda hugmynda, geta rök-rætt val þeirra og hrint þeim í framkvæmd.

Heimildir

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). *Leiklist í kennslu. Handbók fyrir kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Arnot, M. David, M. og Weiner, G. (1999). *Closing the gender gap: postwar education and social change*. Cambridge: Polity Press.
- Baldwin, P. (2004). *With Drama in Mind: Real Learning in Imagined Worlds*. London: Network Educational Press.
- Bamford, A. (2006). *The wow factor, global research compendium on the impact of the arts in education*. Waxmann: Münster.
- Bruner, J. (1966). *Towards a theory of instruction*. Cambridge: Harvard University Press.
- Bruner, J. (1996). *The Culture of Education*. Cambridge: Harvard University Press.
- Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2008). Breytingar á hlutverki skólustjóra í grunnskólum. *Uppeldi og menntun* 17(2), 87-104.
- Cruz, E. R. (1995). *The effects of creative drama on the social and oral language skills. Children with learning disabilities*. Bloomington: Illinois State University.
- Cook, Caldwell, H. (1917). *The Play Way*. London: Heinemann.
- Dewey, J. (1966). *The Child and the Curriculum*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Eisner, E. W. (2002). *The Arts and the Creation of Mind*. New Haven: Yale University Press.
- Good, T. L. og Brophy, J.E. (2003). *Looking in classrooms* (9. útgáfa). New York: Allyn and Bacon.
- Hafsteinn Karlsson. (1997). *Er skóli fyrir stráka?* Erindi flutt á ráðstefnunni Karlar krunka í Borgarleikhúsinu 2. maí 1997. Sótt 29. desember 2010 af <http://www.ismennt.is/not/hsteinn/strakar.html>
- Hsiao, J. W. D. L. (1999). *CSCL Theories*. Sótt 2. október 2010 af <http://www.edb.utexas.edu/csclstudent/Dhsiao/theories.html#construct>
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). „*Gullkista við enda regnbogans.*“ *Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006*. Sótt 30. desember 2010 af http://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla-Hegdun_Lokagerd-pdf
- Kelly, A.V. (2004). *The Curriculum, theory and practice* (5. útgáfa). London: Sage
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Listgreinar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (2006) *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Listgreinar/ tillögur*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (2006a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Sótt 29. október 2010 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/almennurhluti.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (2007a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar*. Sótt 21. október 2010 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk_listgreinar.pdf

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Listmenntir í íslensku skólasterfi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið/Sigurjón Mýrdal.

Menntamálaráðuneytið. (2009). *Ný menntastefna*. Sótt 21. október 2010 af <http://www.nymenntastefna.is/grunnskolar>

Podionzy, A. (2000). Strengthening verbal skills through the use of classroom drama: A clear Link. *Journal of Aesthetic Education*, 34(3-4): 239-276.

Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2009). *Staða leiklistar í grunn- og framhaldsskólum*. Óbirt MA- ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.

Robinson, K. (2009). *The Element: How finding your passion changes everything*. New York: Viking Penguin Books.

Somer, J. (1996). The nature of learning in drama in education. Í J. Somers (ritstjóri), *Drama and theatre in education: contemporary ressearch* (bls. 107-120). North York: Captus Press.

UNESCO. (2006/2007). *Vegvísir fyrir listfræðslu. Heimsráðstefna um listfræðslu: Efling sköpunarkrafts á 21. öld*, Lissabon, 6.-9. mars 2006 (Jón Hrólfrur Sigurjónsson þýddi fyrir Félag tónlistarkennara). Reykjavík: Félag tónlistarkennara.

Wolthers, A. (2005). Ingólfur V. Gíslason þýddi og staðfærði í júlí og ágúst 2006. „Stelpur og strákar í skólanum“ Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík. sótt 29. desember 2010 af http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/media/jafn/stelpur_og_strakar_i_skolanum



Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2010). Skapandi nám í gegnum leiklist. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/006.pdf>